

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 112/2004**

**frá 9. júlí 2004**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnus töðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Lítháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB frá 23. september 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XVIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 76/207/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0073**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/73/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 269, 5.10.2002, bls. 15).“

2. Aðlögunarákvæðin í 18. lið (tilskipun ráðsins 76/207/EBE) breytist sem hér segir:

a) Núverandi aðlögunarliður verði aðlögunarliður a).

b) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið a):

„,b) Í stað orðanna „í skilningi 4. mgr. 141. gr. sáttmálans“ í 8. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„með það fyrir augum að tryggja í reynd fullt jafnrétti karla og kvenna í atvinnulífinu skal hverju aðildarríki heimilt, þrátt fyrir meginregluna um jafnrétti, að koma upp eða viðhalda sértækum ívilnunum í greinum þar sem annað kynið er mun fámennara til þess að auðvelda starfsmönnum af því kyni

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EBL 269, 5.10.2002, bls. 15.

að stunda störf í þeim greinum, eða til þess að koma í veg fyrir eða vega upp aðstöðumun í starfi,““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/73/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.